

**453. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, miðvikudaginn 10. apríl 2013
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS) Formaður, Birna Benediktsdóttir (BB) Aðalmaður, Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) Aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Björgvin Smári Haraldsson (BSH) Aðalmaður, Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari og Indriði Indriðason Embættismaður.

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir,

Dagskrá:

- 1. 1303012 - Samband Íslenskra sveitarfélaga, 804. fundur 1.mars.**
Til kynningar.
- 2. 1303019 - Fundargerð um tillögur um hækkað menntastig.**
Til kynningar.
- 3. 1303069 - Fundargerð 60. fundar samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna**
Til kynningar.
- 4. 1303013F - Húsnæðisnefnd - 21**
Fundargerðin er staðfest.
- 5. 1303008F - [Byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps - 45](#)**
 - Breyting á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-20018, vegna breyttrar landnotkunar í Norðurbotni
Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu Byggingarnefndar.
Samþykkt samhljóða.
 - Umsókn um stöðuleyfi í landi Stóra Laugardals.
Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.
Samþykkt samhljóða.
- 6. 1302080 - Afsögn úr skólanefnd**
Hreppsnefnd þakkar Önnu Kristínu Hjálmarsdóttur fyrir hennar störf í skólanefnd. Nýr aðalmaður í hennar stað er Krístrún Guðjónsdóttir, varamenn færast upp og nýr varamaður verður Katrín Ósk Pétursdóttir.
Samþykkt samhljóða.

7. 1303014 - Umsókn um styrk frá Eyðibýli á Íslandi.

Hreppsnefnd telur sér ekki fært að verða við erindinu.
Samþykkt samhljóða.

8. 1303035 - Siðareglur, drög

Drögin tekin til 1. umræðu. Samþykkt að senda umræddar tillögur til lögmanns Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar.
Samþykkt samhljóða.

9. 1303070 - Erindi frá Melrakkasetri Íslands

Fyrir fundinum liggur erindi frá forsvarsfólki rannsóknarklasa Vestfjarða, Melrakkaseturs Íslands og Náttúrustofu Vestfjarða.
Hreppsnefnd skorar á Háskóla Íslands að auglýsa laust til umsóknar starf forstöðumanns rannsóknarseturs Háskóla Íslands á Vestfjörðum.
Sveitarstjóra falið að svara bréfiturum.
Samþykkt samhljóða.

10. 1303073 - Indriði Indriðason umsókn um leyfi til hundahalds.

Samþykkt samhljóða.

11. 1303075 - Tímabundin breyting á verkaskiptinu ríkis og sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

12. 1303076 - Tilboð í raflagnir á Gömlubryggju 2013

Samkv. bréfi Siglingastofnunar dags. 12. mars er lagt til að gengið verði til samninga við Fjölni Freysson, á grundvelli framlagðs tilboðs að upphæð kr. 4.585.890.- m/VSK.

Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra, Indriða Indriðasyni að undirrita framlagðan samning, fh. Tálknafjarðarhrepps, kostnaðaráætlun hljóðaði upp á kr. 4.173.858.-m/VSK.
Samþykkt samhljóða.

13. 1304007 - Þekja Gömlubryggju, niðurstaða útboðs

Samkv. bréfi Siglingastofnunar dags. 26. mars er lagt til að gengið verði til samninga við Stálborg ehf á grundvelli framlagðs tilboðs, að fjárhæð kr. 29.039.380.-

Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra, Indriða Indriðasyni að undirrita verk samning, þegar hann liggur fyrir og hefur verið kynntur fyrir sveitarstjórn.

Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 28.292.106.- m/VSK.
Samþykkt samhljóða.

14. 1303077 - Álit innanríkisráðuneytisins í máli nr. IRR 12090310

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps fagnar álitinu innanríkisráðuneytisins um rekstur grunnskóla Tálknafjarðar. Sveitarstjórn hefur nú þegar brugðist við

Þeim athugasemdum sem gerðar voru í umræddu álitni hvað varðar rekstrarform skólans. Rekstraraðili, sem er Hjallastefnan ehf. rekur nú þegar nokkra grunnskóla, hefur sótt um viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðherra, samkvæmt 1.mgr. 43 gr. laga um grunnskóla, um rekstur grunnskóla Tálknafjarðarhrepps. Þegar umrædd viðurkenning liggur fyrir stefnir sveitastjórn að endurnýjun samnings við Hjallastefnuna ehf. sem rekstraraðila grunnskóla Tálknafjarðar. Samþykkt samhljóða.

15. 1303078 - Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps og undirstofnanna fyrir árið 2012.

Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2012, tekinn til fyrri umræðu. Ársreikningurinn var lagður fram undirritaður af sveitarstjóra.

Ársreikningi Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans vísað til síðari umræðu.

Samþykkt samhljóða.

16. 1304006 - Fyrirspurn frá Friðrik Hjörleifssyni, erindi dags 5 mars.

Sveitarstjóra falið að svara bréfinu í samráði við lögmann Sambands Ísl. sveitarfélaga.

Samþykkt samhljóða.

17. 1210001 - Skólalóð 2012

Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir en áfram verður unnið að málinu í samvinnu við skólasamfélagið.

Samþykkt samhljóða.

18. 1304020 - Minnisþingur sveitarstjóra

Sveitarstjóri kynnti hvernig vinna við bókhald hefur gengið hjá nýju starfsfólki á skrifstofu. Sveitarstjóri kynnti hvernig tímaskráningarkerfið Tímon er að virka og að markmiðið sé að allir starfsmenn verði komnir inn í kerfið fyrir vetrarlok.

Sveitarstjóri kynnti áherslur í framkvæmdum á komandi sumri, en þar ber helst að nefna að klárað verði að girða port áhaldahúss af. Klárað verði vinna við að girða smábátahöfnina af. Einnig voru kynntar væntanlega framkvæmdir í búningasklefum og afgreiðslu í íþróttahúsi og sundlaug. Farið var yfir tilhögun vinnuskóla. Sveitarstjóri sagði frá flutningi félagsmiðstöðvar í nýtt húsnæði. Einnig óskaði sveitarstjóri að Elsa Reimarsdóttir kæmi að vinnu stefnumótunar nýrrar íbúamiðstöðvar í nýju húsnæði félagsmiðstöðvar. Sveitarstjóri fór yfir stöðu á inngreiddri staðgreiðslu.

Hreppsnefnd veitir sveitarstjóra heimild til þess að ráða starfsmann í hlutastarf af atvinnuleysissskrá við skönnun og flokkun skjala. Samþykkt samhljóða.

19. 1304019 - Fyrimæli og leiðbeiningar um meðferð kjörskrárstofna frá Þjóðskrá Íslands vegna Alþingiskosninga 27. apríl 2013.

Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að semja kjörskrá. Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna Alþingiskosninga 27. apríl nk. í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis. Kjörskrá skal lögð fram til kynningar fyrir íbúa þann 17. apríl nk. í afgreiðslu skrifstofu sveitarfélagsins. Framlagning kjörskrár skal auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins og með dreifibréfi.

Samþykkt samhljóða.

20. 1304001 - Power talk, boð á stofnfund

Lagt fram til kynningar.

21. 1303020 - Drög að stöðuskýrslu vatnasvæða á Íslandi

Lagt fram til kynningar.

22. 1303016 - Ungmennalýðræði á vestfjörðum

Lagt fram til kynningar.

23. 1303071 - Landstólpinn, samfélagsviðurkenning Byggðastofnunar.

Lagt fram til kynningar.

24. 1303074 - Heildaryfirlit yfir framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árinu 2012

Lagt fram til kynningar.

25. 1304016 - Samningur um rekstur Náttúrustofu Vestfjarða.

Lagt fram til kynningar.

26. 1304005 - Námskeið í jarðgerð 14 apríl

Lagt fram til kynningar.

27. 1304004 - Kjarasvið Sambands ísl sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

28. 1304003 - Fundur um ferðapjónustu

29. 1304002 - Grænn opinber rekstur Hversu vistvænn er opinber rekstur nú? Hvert skal stefna?

Lagt fram til kynningar.

30. 1303018 - Umsögn um frumvarp til kosninga til sveitarstjóna

Lagt fram til kynningar.

31. 1303015 - Efni til kynningar. Ástand gróðurs og umferðaröryggi

Lagt fram til kynningar.

32. 1303017 - SÍS - XXVII. landsþing 15.03.2013

Lagt fram til kynningar.

33. 1303068 - Boð um fund samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:55.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____